

Bæjarstjórn - 26

FUNDARBOÐ

26. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 27. júní 2024 og hefst kl.
17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2406003F - Bæjarráð - 23

Lögð fram fundargerð til kynningar.

2. 2405004F - Skipulagsnefnd - 22

Lögð fram fundargerð til kynningar.

3. 2405003F - Skóla- og fræðslunefnd - 14

Lögð fram fundargerð til kynningar.

4. 2406000F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 35

Lögð fram fundargerð til kynningar.

5. 2405001F - Bæjarstjórn unga fólksins - 1

Lögð fram fundargerð 1. fundar bæjarstjórnar unga fólksins sem fór fram 8. maí 2024. Bæjarstjórn unga fólksins er skipuð ungmennum úr ungmennaráði sem sjá um fundarstjórn og undirbúning fundar. Á fundum bæjarstjórnar unga fólksins kynna fulltrúar unga fólksins áherslumál og bæjarfulltrúar sitja fyrir svörum.

Á fundinum var bæjarstjórn meðal annars hvött til að leggja áherslu á að tryggja félagsmiðstöðinni betra húsnæði fyrir sína starfsemi. Lagar voru fram tillögur að bættri og aukinni götulýsingu og bæjarstjón hvött til að skoða möguleika á tvískiptum sorptunnum á ljósastaura og gefa þannig gangandi vegfarendum kost á að flokka sorp. Þá voru málefni Fjölbrautaskóla Snæfellinga tekin til umræðu og farið yfir niðurstöður úr lýðræðisþingi Grunnskólans í Stykkishólmi sem fram fór 15. apríl síðastliðinn. Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins kölluðu meðal annars eftir aukinni verklegri kennslu í grunnskóla og hvöttu bæjarstjón til að taka mötuneytismál í skólanum til athugunar, með tilliti til gæða máltíða og fyrirkomulags.

Lagt er til að bæjarstjórn taki jákvætt í fyrirliggjandi tillögur og að þeim verði vísað til frekari úrvinnslu hjá bæjarráði sveitarfélagsins og öðrum viðeigandi fastanefndum.

Erindi til kynningar

8. 2003023 - Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Lagðar fram fundargerðir 180. og 181. fundar stjórnar SSV.

9. 2006001 - Fundargerðir Jeratúns ehf.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf. sem fram fór þann 13. maí 2024.

10. 2406018 - Aðalfundur - Sjávarorka ehf.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sjávarorku ehf. sem fram fór 30. apríl 2024.

11. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 948. fundar stjórnar sambandsins frá 31. maí 2024.

12. 2101043 - Fundargerðir stjórnar byggðasamlags um rekstur félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Lögð fram fundargerð 113. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

13. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

Lögð fram fundargerð 222. fundar Breiðafjarðarnefndar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

6. 2406021 - Umsókn um lóð vegna uppbyggingar Brákar íbúðafélags hses.

Lögð fram umsókn Búðinga ehf. á grundvelli samkomulags við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Brákar íbúðafélags hses. um I-lóð í Víkurhverfi. Jafnframt er lögð fram samstarfsyfirlýsing um uppbyggingu leiguhúsnæðis í Stykkishólmi milli Brákar íbúðarfélags hses og Búðinga ehf, ásamt öðrum gögnum tengdri umsókninni framangreindri umsókn til staðfestingar.

Bæjarráð samþykkti á 23. fundi sínum að úthluta lóðinni í samræmi við fyrirliggjandi gögn enda byggir umsóknin annars vegar á viljayfirlýsing sveitarfélagsins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um fjölgun íbúða með áherslu á húsnæði með viðráðanlegan húsnæðiskostnað og hins vegar samkomulags sveitarfélagsins, innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um aukið framboð íbúðarhúsnæðis og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða, en hvort tveggja hefur verið samþykkt af bæjarstjórn.

Vísaði bæjarráð jafnframt til þess að málið sé búið að vera í vinnslu hjá sveitarfélaginu, í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, síðustu 12 mánuði eða frá því að bæjarstjórn samþykkti þáttöku sveitarfélagsins í verkefninu eftir að umsókn sveitarfélagsins um stofnframlag ríkisins til uppbyggingar í Stykkishólmi á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016, f.h. Brákar íbúðarfélags hses., var samþykkt.

Bæjarráð vísaði úthlutuninni að lokum til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2406022 - Umsókn um lóð í Víkurhverfi (H-lóð)

Lögð fram lóðarumsókn R101 ehf. um H-lóð í samþykktu deiliskipulagi Víkurhverfis.

Bæjarráð samþykkti á 23. fundi sínum að auglýsa lóðina lausa til úthlutunar, í samræmi við lóðarreglur sveitarfélagsins, áður en afstaða er tekin til umræddrar umsóknar. Á

grunni framanritaðs fól bæjarráð bæjarstjóra að auglýsa lóðina lausa til úthlutunar.

Bæjarráð vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2403011 - Áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambandsins

Lögð fram að nýju áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024. Þá er einnig lagt fram viðbótarerindi frá Sambandinu þar sem áréttað er að samningsumboð Sambandsins nær ekki yfir yfirlýsingu sem þessa og því einungis um áskorun að ræða frá Sambandinu. Bæjarráði samþykkti á 20. fundi sínum þá ályktun að sveitarfélagið myndi leggja sitt að mörkum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og vísaði málinu til frekari vinnslu í bæjarráði. Á 23. fundi bæjarstjórnar var afgreiðsla bæjarráðs staðfest.

Á 23. fundi sínum lagði bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja endurskoðun á gjaldskrá sveitarfélagsins í grunnskóla og leikskóla til lækkunar þannig að hækkun á gjaldskrá verði 3,5% í stað þeirrar hækkunar sem ákveðin var síðasta haust til samræmis við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024. Lækkunin mun taka gildi frá og með 1. ágúst 2024.

Bæjarráð lagði jafnframt til við bæjarstjórn að tekna verði upp gjaldfrjálsar máltíðir í grunnskólum frá og með haustönn 2024 gegn því að fyrir liggi útfærsla ríkisins á leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 eins og boðað hefur verið.

Bæjarráð vísar breytingum samkvæmt framangreindu til vinnu við næsta viðauka.

Bæjarráð bindur vonir við að sveitarfélagið hafi með þessu lagt sitt af mörkum til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

Fyrir bæjarstjórn eru lagðar uppfærðar gjaldskrár til samræmi við framangreint.

15. 1909018 - Gjaldtaka bílastæða á hafnarsvæði

Lagðar fram til síðari umræðu samþykkt um bílastæðasjóð Stykkishólms ásamt gjaldskrá. Þá er lögð fram staðfesting lögreglustjórans á Vesturlandi.

16. 2402019 - Ráðning fjármála- og skrifstofustjóra Sveitarfélagsins Stykkishólms

Auglýsing um starf fjármála- og skrifstofustjóra hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi var birt þann 17. maí sl. á Alfred.is og rann umsóknarfrestur út þann 1. júní sl. Attentusmannauður og ráðgjöf voru fengin til að aðstoða við ráðningarferlið. Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Stykkishólms annaðist ráðningarferlið í umboði bæjarráðs, sbr. verklagsreglur bæjarstjórnar sveitarfélagsins við ráðningu starfsmanna sbr. 2. gr. reglnanna.

Á 23. fundi bæjarráðs samþykkti ráðið að málið verði unnið áfram með Attentus í samræmi við umræður á fundinum og þeim áherslum sem þar komu fram. Fyrir bæjarstjórn er lögð fram samantekt Attentus - mannauði og ráðgjöf ehf. ásamt tillög að afgreiðslu.

17. 2309009 - Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vegi í landi Úlfarsfells í Álftafirði

Lögð fram endurnýjuð umsókn Andrésar Þórs Hinrikssonar um framkvæmdaleyfi fyrir vegi í landi Úlfarsfells í Álftafirði, ásamt uppdrætti, verklýsingu og samþykki Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 22. fundi sínum, fyrir sitt leyti, að veita framkvæmdaleyfi fyrir veginum. Nefndin taldi að framkvæmdin muni ekki hafa grenndaráhrif og lagði áherslu á að vandað verði til verka við frágang hans þannig að hann falli sem best inn í umhverfið. Einnig mælir nefndin með að mótvægisáðgerðum verði beitt t.d. með því að gróðursetja staðbundnar trjátegundir s.s. birki í landi Úlfarsfells í stað þeirra sem brýn nauðsyn er að fjarlægja.

Bæjarráð staðfesti á 23. fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar.

Lagt er til að bæjarstjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir veginum með vísan til afgreiðslu skipulagsnefndar og fyrirliggjandi gögn.

18. 2206035 - Aðalskipulagsbreytingar vegna athafnasvæða við Kallhamar og Hamraenda.

Lögð fram til afgreiðslu vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar vegna athafnasvæða við Kallhamar og Hamraenda.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 22. fundi sínum, fyrir sitt leyti að kynna vinnslutillögu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna athafnasvæða við Kallhamar og Hamraenda í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Á 23. fundi bæjarráð var lagður fram uppfærður uppdráttur til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru í skipulagsnefnd. Á fundi sínum lagði bæjarráð til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna athafnasvæðis við Kallhamar og Hamraenda verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

19. 2103021 - Mögulegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga - Tillaga vinnuhóps um sameiningarmál

Lagt fram erindi frá vinnuhóp um sameiningarmál á Snæfellsnesi og í Dalabyggð sem skipaður var einum kjörnum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi. Erindinu fylgir jafnframt minnisblað um tækifæri og helstu áskoranir fyrir sameiningu þessara sveitarfélaga, ásamt sameiginlegri tillögu vinnuhópsins um að hafnar verði óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna.

Erindið var tekið fyrir á 23. fundi bæjarráðs sem lagði til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu vinnuhópsins og að staðfesta þar með þátttöku sveitarfélagsins í óformlegum viðræðum um sameiningu framangreindra sveitarfélaga í þeim tilgangi að eiga samtal við íbúa og afla frekari upplýsinga til að meta þau tækifæri og skoða þær áskoranir sem yrðu við sameiningu þeirra.

20. 2312008 - Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg

Lögð fram gögn vegna skel- og rækjubóta og stöðu þeirra mála sem tengjast tillögum sem settar eru fram í skýrslunni Auðlindin okkar-Sjálfbær sjávarútvegur og eru til meðferðar hjá matvælaráðuneytinu.

Lögð fram til staðfesting í bæjarstjórn eftirfarandi ályktun 23. fundar bæjarráðs:

Bæjarráð minnir á að bæjarstjórn Stykkishólms hafur ávallt lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild. Bæjarráð vísar til fyrri ályktana bæjarstjórnar þess efnis, síðast á bæjarstjórnarfundi 15. desember 2023.

Bæjarráð vill taka fram að talsmenn útgerða við Breiðafjörð, sem hafa nýtt skelbætur, hafa sent forsætisráðherra og matvælaráðherra erindi um að fyrirtækin fái fulla heimild til þess að nýta skelbæturnar áfram svo sem verið hefur. Jafnframt hafa talsmenn fyrirtækjanna sent inn lögfræðialit sem sýnir með skýrum hætti að verði skelbætur felldar niður bóta laust er um eignaupptöku að ræða. Í því sambandi ítrekar bæjarráð afstöðu sveitarfélagsins að verði skelbæturnar felldar niður mun það skaða mjög starfsemi fyrirtækja í Stykkishólmi sem fara með 82.85% skelbótanna. Mundi það valda miklum samdrætti í atvinnulífinu í Stykkishólmi sem er með öllu óásættanlegt.

Bæjarráð hvetur matvælaráðherra og þingmenn kjördæmisins til þess að leita allra leiða til þess að tryggja að skelbæturnar verði veittar áfram eða gerðar upp með því að fyrirtækin fái sinn hlut í skelbótunum og geti nýtt hann við veiðar á bolfiski svo sem verið hefur.

21. 2106022 - Miðstöð öldrunarþjónustu í Stykkishólmi

Lögð fram tilkynning um úthlutun úr framkvæmdasjóði aldraðra, en sveitarfélagið sótti um framlag til uppbyggingar á Höfðaborg. Í tilkynningunni kemur fram að heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að veita styrk að fjárhæð um 17. millj. kr. til uppbyggingar á Höfðaborg til samræmis við umsókn sveitarfélagsins.

Bæjarráð fagnaði því á 23. fundi sínum að Framkvæmdasjóður aldraðra hafi samþykkt umsókn sveitarfélagsins um uppbygginu á fyrstu hæð á Höfðaborg, miðstöð öldrunarþjónustu í Stykkishólmi. Tók bæjarráð jafnframt fram að fyrirhuguð uppbygging, sem byggir á grunni stefnumörkunar sem mótuð var árið 2022, muni koma til með að efla til muna þjónustu eldra fólks í sveitarfélaginu.

Bæjarráð fól á fundi sínum bygginarfulltrú að hefja undirbúning að uppbyggingu á Höfðaborg í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

Bæjarráð vísaði að öðru leyti málinu til vinnslu við viðauka 2024 og/eða til vinnu við fjárhagsáætlun 2025.

Er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

22. 2209013 - Ungmennaráð

Ráðið er skipað sjö fulltrúum á aldrinum 14-24 ára og þremur til vara að fengnum tillögum frá nemendafélagi grunnskólans í Stykkishólmi, nemendafélagi Fjölbautaskóla Snæfellinga, ungmennafélaginu Snæfelli og æskulýðs- og íþróttanefnd, sbr. erindisbréf ungmennaráðs.

Lagt er til að bæjarstjórn óski eftir tilnefningum í ungmennaráð þegar skólastarfsemi hefst í haust.

23. 2205039 - Kjör nefnda, ráða og stjórna í samræmi við samþykkt um stjórn sveitarfélagsins

Fyrir liggur tillaga að nýjum fulltrúum í nefndir, ráð og stjórnir, sbr. 48. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins.

24. 2006056 - Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar

Kosning forseta bæjarstjórnar og fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólms.

25. 2006055 - Kosningar í bæjarráð

Bæjarstjórn kys þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 26. gr. samþykktar þessarar. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð sem aðalmenn og varamenn sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

26. 2006059 - Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar 2024

Forseti bæjarstjórnar gerir það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði haldinn 29. ágúst nk. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála fram til bæjarstjórnarfundar í samræmi við 5. mgr. 8 gr. og 1. og 8. mgr. 33 gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms, sbr. og 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

25.06.2024

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.